

## Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Jóni Þór Ólafssyni um kostnað við fjölmiðlaráðgjöf fyrir lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver var heildarkostnaður embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við fjölmiðlaráðgjöf KOM almannatengsla á árunum 2014 og 2015, sundurliðað eftir útgefnum reikningum, vegna:*

- a. samantektar á skipulagi lögreglu við mótmælin 2008–2011,*
- b. svokallaðs lekamáls?*

Í tilefni af fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir umsögn embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Umsögn embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 26. mars 2015, er svohljóðandi:

Heildarkostnaður embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna fjölmiðlaráðgjafar KOM almannatengsla á árunum 2014 og 2015, sundurliðað eftir útgefnum reikningum, er eftirfarandi:

Reikn. dags.	Kostnaður vegna a-liðar í kr.	Kostnaður vegna b-liðar í kr.	Alls LRH
25.11.2014	150.000	243.750	393.750
29.12.2014	0	367.500	367.500
25.02.2015	0	67.500	67.500
	<b>150.000</b>	<b>678.750</b>	<b>828.750</b>